

Samkomulag

um breytingar og framlengingu á stofnanasamningi
Háskóla Íslands
og
Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga
frá september 2006, með áorðnum breytingum frá febrúar 2010

Stofnanasamningur Háskóla Íslands (HÍ) og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH)
framlengist með svofelldum breytingum:

1. gr.

Um breytingar á röðun starfa og einstaklingsbundin laun vísast til endurmats starfa og annarra þátta skv.
gildandi matskerfi HÍ.

2. gr.

HÍ og KVH munu vinna áfram að heildarendurskoðun á gildandi stofnanasamningi með það í huga að ganga
frá nýjum samningi innan 2ja ára.

3. gr.

HÍ mun, ásamt þeim starfsmönnum sem undir þennan samning heyrja, taka til endurskoðunar starfslýsingar
viðkomandi aðila. Þeirri vinnu verði lokið eigi síðar en 1. október n.k. Í kjölfar þeirrar endurskoðunar mun
HÍ yfirfara með viðkomandi starfsmönnum mat á störfum og einstaklingsbundinni hæfni og taka röðun til
endurmats eftir atvikum.

4. gr.

HÍ mun endurskoða fastlaunasamninga starfsmanna með það fyrir augum að færa hluta yfirvinnu eða
annarra greiðslna inn í launaröðun enn frekar en gert er við undirritun þessa samkomulags. Stefnt er að
því að ganga enn lengra í þessa veru almennt innan HÍ. Að öðru leyti vísast til reglna HÍ um
fastlaunasamninga.

5. gr.


Árleg eingreiðsla á formi þóknunar vegna árangurs og frammistöðu (ársmat) á við um þá starfsmenn sem
undir þetta samkomulag heyrja. Að öðru leyti vísast til reglna HÍ um ársmat.

6. gr.

Samkomulag þetta tekur gildi frá 1. júlí 2014.

Reykjavík, 11. júlí 2014

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga og
hagfræðinga


Ólafur Þorsteinsson

F.h. Háskóla Íslands


Guðrún R. Jónsson

Guðrún J. Guðmundsdóttir